

2017 nr. 55 14. júní

Lög um skortsölu og skuldatryggingar

Tóku gildi 1. júlí 2017. EES-samningurinn: IX. viðauki reglugerð 236/2012. Breytt með: L. 91/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 133. gr. sem tók gildi 16. júlí 2019). L. 7/2020 (tóku gildi 21. febr. 2020; EES-samningurinn: IX. viðauki reglugerð 909/2014, 236/2012).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. *Markmið.*

□ Markmið laga þessara er að auka gagnsæi í skortstöðum vissra fjármálagerninga og draga úr uppgjörsáhættu vegna óvarinnar skortsölu og líkum á ostöðugleika á markaði með ríkisskuldri vegna óvarinna skuldatrygginga. Markmiðið er einnig að tryggja að eftirlitsaðilar á fjármálamarkaði hafi fullnægjandi valdheimildir til að bregðast við kerfisáhættu eða ógn við fjármálastöðugleika sem stafar frá skortsölu eða skuldatryggingum.

■ 2. gr. *Lögfesting.*

□ Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57 frá 13. október 2016, bls. 575–598, [ásamt þeim breytingum sem leiðir af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 909/2014 um bætt verðbréfauppgjör í Evrópusambandinu og um verðbréfamíðstöðvar og um breytingu á tilskipunum 98/26/EB og 2014/65/ESB og reglugerð (ESB) nr. 236/2012, sem innleidd er með lögum um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga],¹⁾ skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2016, frá 30. september 2016, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 23. febrúar 2017, bls. 53–56, sbr. einnig bókun 1 um alteka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest.

¹⁾ L. 7/2020, 34. gr.

■ 3. gr. *Eftirlit.*

□ Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

□ Um eftirlit Fjármálaeftirlitsins fer nánar samkvæmt ákvæðum V. kafla reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga, ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði og ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum þeirra laga við framkvæmd eftirlits og vegna samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina samkvæmt lögum þessum.

□ Í tengslum við athugun tiltekins máls er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefja einstakling og lögaðila sem á viðskipti með skuldatryggingu um:

a. útskýringu á tilgangi viðskiptanna og hvort þau hafa þann tilgang að vera áhættuvörn eða annan tilgang og

b. upplýsingar sem staðfesta undirliggjandi áhættu ef viðskiptin hafa þann tilgang að vera áhættuvörn.

□ Síma- og fjarskiptafyrirtækjum er skyld að veita Fjármálaeftirlitinu aðgang að fyrirliggjandi gögnum um símtöl eða

fjarskipti við tiltekinn síma eða fjarskiptatæki enda liggi fyrir samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda. Ef samþykki umráðamanns og eiginlegs notanda síma eða fjarskiptatækis liggar ekki fyrir er Fjármálaeftirlitinu heimilt að krefjast fyrir dómi aðgangs að gögnum skv. 1. másl. þessarar málsgreinar hjá síma- og fjarskiptafyrirtækjum. Um skilyrði slískrar kröfu fer eftir 1. mgr. 83. gr. laga um meðferð sakamála og um meðferð hennar fer eftir XV. kafla sömu laga.

□ Telji Fjármálaeftirlitið háttsemi andstæða ákvæðum laga þessara getur stofnunin krafist þess að háttseminni verði hætt begar í stað. Fjármálaeftirlitið getur jafnframt krafist þess að atvinnustarfsemi verði stöðvuð tímabundið í því skyni að koma í veg fyrir háttsemi sem talin er andstæð ákvæðum laga þessara.

□ Fjármálaeftirlitið getur krafist kyrissetningar eigna einstaklings eða lögaðila þegar fyrir liggur rökstuddur grunur um að háttsemi hans fari í bága við ákvæði laga þessara. Um skilyrði og meðferð slískrar kröfu fer eftir 88. gr. laga um meðferð sakamála, eftir því sem við getur átt.

■ 4. gr. *Upplýsingagjöf.*

□ Um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan EES, fer samkvæmt ákvæðum laga um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

■ 5. gr. *Aðfararhaefi.*

□ Ákværðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhaefar, sem og dómar og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

■ 6. gr. *Stjórnvaldssektir.*

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtoldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga:

1. 1. mgr. 5. gr. um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um verulegar hreinar skortstöður í hlutabréfum,

2. 1. mgr. 6. gr. um opinbera birtingu á verulegum hreinum skortstöðum í hlutabréfum,

3. 1. mgr. 7. gr. um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um verulegar hreinar skortstöður í ríkisskuldum,

4. 8. gr. um tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins um óvarðar stöður í skuldatryggingum á ríki,

5. 1. mgr. 12. gr. um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo að heimilt sé að gera samning um skortsölu hlutabréfs sem tekið hefur verið til viðskipta á viðskiptavettvangi,

6. 1. mgr. 13. gr. um skilyrði sem þurfa að vera uppfyllt svo að heimilt sé að gera samning um skortsölu ríkisskuldar,

7. 1. mgr. 14. gr. um skilyrði sem þarf að vera uppfyllt svo að heimilt sé að gera samning um viðskipti með skuldatryggingu á ríki,

8. 15. gr. um ferli uppgjörskaupa,

9. 1. mgr. 18. gr. um tilkynningar og birtingar við sérstakar aðstæður,

10. 2. mgr. 19. gr. um tilkynningar um verulegar breytingar á gjöldum við sérstakar aðstæður,

11. 2. mgr. 20. gr. um takmarkanir á skortsölu og sambærilegum viðskiptum við sérstakar aðstæður,

12. 1. mgr. 21. gr. um takmarkanir á viðskipti með skuldatryggingar á ríki við sérstakar aðstæður,

13. 1. mgr. 23. gr. um tímabundnar takmarkanir á skortsölu fjármálagerninga ef um er að ræða verulega lækkun á verði.

□ Við ákvörðun sekta samkvæmt ákvæði þessu skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi:

a. alvarleika brots,

- b. hvað brotið hefur staðið lengi,
 - c. ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum,
 - d. fjárhagsstöðu hins brotlega,
 - e. ávinnings af broti eða taps sem forðað er með broti,
 - f. hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila,
 - g. hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins,
 - h. samstarfsvíla hins brotlega,
 - i. fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.
- Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 65 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr. en geta þó verið hærri, eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktá samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu og brot er framið til hagsbóta fyrir annan lögaðila í samstæðunni eða annar lögaðili í samstæðunni hefur notið hagnaðar af brotinu.
- Ef einstaklingur eða lögaðili brýtur gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra, og fyrir liggr að hann hafi hlotið fjárhagslegan ávinning af broti, er heimilt að ákvörða hinum brotlega sektarfjárhæð sem getur, þrátt fyrir 3. mgr., orðið allt að tvöfaldri þeiri fjárhæð sem fjárhagslegur ávinningur hins brotlega nemur.
- Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögþrótt eru framin af ásetningi eða gáleysi. [Ákvörðanir um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar.]¹⁾ Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá því að viðkomandi er tilkynnt um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.
- ¹⁾ L. 9/2019, 109. gr.
- 7. gr. Sátt.**
- Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvörðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinum heimilt að ljúka málínu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. [Seðlabanki Íslands]¹⁾ setur nánari reglur²⁾ um framkvæmd ákvæðisins.
- ¹⁾ L. 9/2019, 110. gr. ²⁾ Rg. 326/2019.
- 8. gr. Réttur grunaðs manns.**
- Í málí sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssektu eða kæru til löggreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögþrótt, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.
- 9. gr. Frestur til að leggja á stjórnvaldssekt.**
- Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar sjó ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.
- Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um rannsókn á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að brotinu.
- 10. gr. Sektir eða fangelsi allt að tveimur árum.**
- Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggi þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirtoldum ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga:
- 1. 2. mgr. 20. gr. um takmarkanir á skortsölu og sambærilegum viðskiptum við sérstakar aðstæður,
 - 2. 1. mgr. 21. gr. um takmarkanir á viðskipti með skuldatryggingar á ríki við sérstakar aðstæður,
 - 3. 1. mgr. 23. gr. um tímabundnar takmarkanir á skortsölu fjármálagerninga ef um er að ræða verulega lækkun á verði.
- 11. gr. Saknæmi o.fl.**
- Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.
- Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.
- Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.
- Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sönduð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknænum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.
- 12. gr. Kæra til löggreglu.**
- Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn löggreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.
- Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til löggreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til löggreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framin með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað málí vegna brota á lögum þessum til rannsóknar löggreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn samþerilegra málá.
- Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnslulagsins gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til löggreglu.
- Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta löggreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum löggreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.
- Löggreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Löggreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.
- Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málid til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.
- 13. gr. Reglugerðarheimild.**
- Ráðherra skal setja reglugerðir¹⁾ sem fela í sér innleiðingu í íslenskan rétt á eftirfarandi reglugerðum Evrópusambandsins:

1. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 919/2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga með tilliti til tæknilegra eftirlitsstaðla vegna aðferðarinnar við útreikning á lækkun á virði seljanlegra hlutabréfa og annarra fjármálagerninga.

2. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 918/2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga að því er varðar skilgreiningar, útreikninga á hreinum skortstöðum, varðar skuldatryggingar á ríki, tilkynningarmörk, seljanleikamörk vegna tímabundinna niðurfellinga, marktæka lækkun á virði fjármálagerninga og óhagstæða atburði.

3. Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 826/2012 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 að því er varðar tæknilegra eftirlitsstaðla um tilkynningar- og birtingarkröfur varðandi hrein-

ar skortstöður, nánari lýsingu á upplýsingunum sem skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í tengslum við hreinar skortstöður og aðferðina við að reikna út veltu til að ákvarða hvaða hlutabréf skulu undanþegin.

4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 827/2012 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar aðferðir við opinbera birtingu á hreinum skortstöðum, snið upplýsinganna sem skal veita Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni um hreinar skortstöður, gerðir samninga, fyrirkomulags og ráðstafana til að tryggja með fullnægjandi hætti að hlutabréf eða ríkisskuldagerningar séu tiltekir vegna uppgjörs og dagsetningar og tímabil vegna ákvörðunar á meginvettvangi hlutabréfs samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 236/2012 um skortsölu og tiltekna þætti skuldatrygginga.

¹⁾ Rg. 641/2017.

■ **14. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2017.